

# Stefna um persónuvernd starfsmanna

## Tilgangur

Stefnan lýsir nánar áherslum er varða réttindi starfsmanna til friðhelgi um einkalíf sitt og persónuverndar þannig að tryggt sé að öll söfnun og meðhöndlun persónuupplýsinga um starfsmenn sé í samræmi við:

- 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (persónuverndarlög)
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ofl. (persónuverndarreglugerðin eða GDPR)

## Gildissvið

Stefna þessi nær til samstæðunnar og gildir um alla starfsmenn, núverandi og fyrrverandi, sem og þá sem ráðnir eru í verktöku. Þegar vísað er til "samstæðunnar" er átt við móðurfélagið Ósar hf. og dótturfélögin Icepharma hf. og Parlogis ehf. (einnig vísað til sem "félögin").

Stefnan tekur til allra þeirra sem á einhvern hátt meðhöndla og hafa aðgang að persónuupplýsingum um starfsmenn samstæðunnar, einnig ytri aðila sem starfa fyrir samstæðuna og hefur verið falið að vinna persónuupplýsingar um starfsmenn í ákveðnum tilgangi.

Stefnan nær til vinnslu og meðhöndlunar (þ.m.t. söfnunar, aðgengis, umgengni, vistunar, miðlunar, eyðingar o.fl.) allra persónuupplýsinga í hvaða formi sem þær eru og hvar sem þær eru vistaðar, t.a.m. rafrænt vistaðar, á pappír, sem vitneskja aðila eða samskipti.

## Ábyrgð

Félögin, hvert um sig, bera ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga um starfsmenn sem og um einstaklinga sem ráðnir eru í verktöku. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað um ólíka starfsmenn og kann söfnun og vinnsla að fara eftir eðli starfs hverju sinni.

- **Forstjóri:** Forstjóri ber ábyrgð á persónuverndarstefnunni og að hún sé endurskoðuð og rýnd reglulega með formlegum hætti. Forstjóri felur persónuverndarfulltrúa samstæðunnar eftirfylgni með tilteknum ákvörðunum og verklagsreglum sem varða persónuvernd og meðhöndlun persónuupplýsinga.

- **Persónuverndarfulltrúi:** Hefur það hlutverk að fylgjast með því að félögin fari að persónuverndarlögum og að innri verklagsreglum sé fylgt. Persónuverndarfulltrúi sinnir einnig upplýsingagjöf og fræðslu og er til ráðgjafar fyrir starfsmenn og stjórnendur varðandi persónuverndarlöggjöfina.
- **Upplýsingaöryggisteymi:** Teymið ber ábyrgð á því að viðhalda skilvirku stjórnkerfi upplýsingaöryggis innan samstæðunnar þannig að innleiddar séu viðeigandi tæknilegar öryggisráðstafanir í upplýsingakerfi sem m.a. hýsa persónuupplýsingar um starfsmenn.
- **Stjórnendur sviða:** Stjórnendur bera ábyrgð á meðhöndlun persónuupplýsinga um starfsmenn sem heyra undir viðkomandi rekstrareiningu. Starfsmenn á mannauðssviði og fjármálasviði bera ábyrgð á skráningu upplýsinga inn í mannauðs- og launakerfi.

## Meginreglur

- Félögin virða rétt starfsmanna til að njóta persónuverndar í ráðningarsambandi og á vinnustað og hafa einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga starfsfólks samstæðunnar.
- Félögin skuldbinda sig til þess að öll vinnsla á persónuupplýsingum um starfsmenn sé lögleg, sanngjörn og gagnsæ. Upplýsingum verði aðeins safnað í tilteknum, sérstökum og lögum tilgangi og að söfnun og vinnsla gangi ekki lengra en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar. Vinnsla skal í öllum tilvikum vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.
- Öll söfnun og vinnsla persónuupplýsinga um núverandi og/eða fyrrverandi starfsmenn samstæðunnar byggir á heimild í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og fer ætíð fram í samræmi við meginreglur laga um persónuvernd.
- Félögin viðhafa tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir í þeim tilgangi að vernda persónuupplýsingar starfsfólks gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.
- Lögð er áhersla á virka þjálfun starfsmanna sem meðhöndla persónuupplýsingar um starfsmenn í tengslum við störf sín, sbr. starfsmenn mannauðssviðs og fjármálasviðs. Að sama skapi er lögð rík áhersla á reglulega fræðslu og vitundarvakningu meðal starfsmanna um eigin réttindi er varða persónuvernd þeirra í ráðningarsambandinu og á vinnustað.
- Persónuupplýsingar starfsmanna eru eingöngu varðveittar í þann tíma sem ráðningarsamband varir og eftir það í eins langan tíma og nauðsynlegt er hverju sinni eða lög og reglur kveða á um.

## Samþykki og endurskoðun stefnu

Stefnan er samþykkt af forstjóra samstæðunnar. Stefnan er endurskoðuð reglulega, þó aldrei sjaldnar en á tveggja ára fresti, og getur breyst í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig félögin vinna með persónuupplýsingar um starfsmenn. Allar breytingar sem kunna að vera gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið kynnt starfsmönnum samstæðunnar.